

Fundur 5.6.2023 Halldór Bernódusson

Komið þið nú sæl og blesssuð.

*Góða kvöldið og sæll.*

Allt af gaman að tala við ykkur og geta tjáð mig og fagna ég innilega enn sem fyrr.

*Velkominn.*

Takk fyrir, sakna ég þess alltaf hált í hvoru að vera ekki lengur mitt á meðal ykkar en gleymi ég því jafnóðum, því það er líka svo gaman að vera á þessum hnetti og hafa yngst upp og njóta náttúrunnar og góða loftið og allt sem þessu fylgir.

Eru félagar mínir hér nær staddir og veit ég að þeir vildu koma boðskap sínum á framfæri um þjóðarsátt, en sendu þeir mig í staðinn og sögðust ætla að koma fljótlega ef þeir gætu, þeir eru hér nálægt mér og finnst mér það sönn ánægja að komast aftur í sambandið, það er allt of langt síðan það gerðist og vona ég að þið finnið hversu öflugur ég er orðinn og er það nú eitthvað annað en dvínandi heilsan síðustu árin.

Þakka ég vel fyrir þann góða félagskap sem ég fann hjá ykkur og hef ég rætt við systkini mín og segjast þau hafa fundið fyrir straumunum frá ykkur og já ég er hér í góðu yfirlæti.

*Halldór?*

Halldór Bernódusson já,

*Mig var farið að gruna það.*

Komið þið sæl.

*Komdu blessaður.*

Já ég vildi, þeir Gvendur Jaki og Einar Oddur eru hér nærri mér og vilja þeir hvetja ykkur til að sýna aðhaldsemi á þessum erfiðu tímum og búa til nýja þjóðarsátt, þannig að kaupmátturinn megi eflast aftur og verðbólgan farið í skefjar og tek ég undir það og vilja þeir gjarnan koma í sambandið síðar en mikið var það nú ánægjulegt að komast í sambandið aftur, þið finnið bara ekki hvað öflugur ég er orðinn, það er erfitt að koma því í gegn.

Og það er hérna maður líka sem oft var við hliðina á mér, hann Olgeir og hann þakkar fyrir gamalt og gott og biður líka að heilsa ykkur.

*Við biðjum að heilsa honum og ykkur öllum.*

Já, ég vildi nú segja frá því sérstaklega að Erla systir mín hefur fengið hjálp og er nú orðin, búin að eignast tvö börn og með sínum manni, hafa náð aftur saman og hef ég einnig talað við þann bróður minn sem var lengra kominn og er hann farinn á annan hnött og segir allt gott af sér. Ætla ég nú ekki að fara út í það.

En get ekki nefnt þau með nafni en það er ánægjulegt og sjálfur kann ég vel við mig nálægt föður mínum sem enn vill sækja sjóinn og hef ég þó farið nokkuð hér um landsvæðið, en á nú eftir að heimsækja marga staði á þessum hnetti.

Og kemur það mér alltaf á óvart að sólinar eru tvær, en stjörnuhimininn kemur mér svo sem ekki á óvart, enda var ég ekki vanur að, enda kunni ekki skil á öllu þar, en ég hef í frístundum mínum eitthvað reynt að læra um þessi efni og gæti vafalaust farið út í það, en vil ekki taka tímann of mikið frá öðrum, en

*Hvað segir þú mér af golfvöllunum þarna hjá þér?*

Já þrýðilegir golfvöllir, ég ætlaði að segja að loftið væri svo hreint og gott og já hér eru golfvöllir og hefur þú eitthvað prófað þá íþrótt?

*Ég er forfallinn í þessu.*

Já og

*Þú varst annar af tveimur sem komst í sambandið eftir að þú fluttir og sagðir, það eru svo fallegir golfvöllir hérna.*

Já, já, það eru orð að sönnu, þeir eru stórir og glæsilegir og ég er svo forfallinn í þessari íþrótt að ég er farinn að tala við þá sem ná miklu betri árangri en ég, og reyna að læra af þeim og þeir eru að segja mér til hvernig hægt er að finna réttu tímasetninguna og ná þessu svona bara í einu höggi.

*Einmitt, bara holu í höggi.*

Já þegar þetta gengur best en þetta er mjög spennandi og já útivistin og ýmislegt sem þessu tengist og já það er svona og margt sem hægt væri að tala um.

En ég vona að þið fáið gott sumar og hér er veðrið ágætt en þeir vinirnir vilja nú við ykkur tala fljótlega, Einar Oddur og Gvendur Jaki.

*Já það er nú ekkert langt síðan Gvendur kom í sambandið.*

Nei honum fannst ekki alveg allt sagt sem hann ætlaði að segja en sjáum til.

*Já, já.*

En ég þakka fyrir og bið að heilsa ykkur og vil skila til minna ættingja að mér líði vel og þakka fyrir.

*Þakka þér fyrir komuna Halldór.*

Verið þið sælir.

*Blessaður.*